

Skýrsla Æskulýðsnefndar Léttis 2011

Eftirtaldir aðilar skipa æskulýðsnefnd Léttis 2011:

Halldór Lind Guðmundsson
Höskuldur Jónsson
Lína Eriksson
Ólafur Aðalgeirsson
Ólafur Svansson
Sigríður Kristín Sverrisdóttir

Ánægjulegt var að eins og árið 2010 styrkti Samherji Æskulýðsnefnd Léttis um 600 000 kr. Styrkurinn notaður til niðurgreiðslu á námskeiðsgjöldum, árgjöldum og á ferðakostnaði fyrir Æskan og hesturinn í Skagafirði ásamt ferðastyrk til barna okkar og unglinga sem kepptu á á Landsmótinu í Skagafirði.

Námskeiðahald

Almenn Reiðnámskeið: Gamlir (!!) og nýjir nemendur sótti almenna námskeiðið sem hófst strax í janúar. Kennnt var einu sinni í viku, 4 hópar, 4-5 krakkar í hverjum hóp. Boðið var upp á 10 tíma og svo aftur 10 tíma fyrir þá sem vildu framhald eða fyrir nýja nemendur. 19 krakkar á aldrinum 5-14 ára mættu. Kennslan var fjörug og fengu krakkarna að glíma við ýmislegt. Út frá reynslu og aldri fólst kennslan í allt frá grunnstjórnun á hestinum, þ.e að stoppa, beygja og finna mun á gangtegundum til hraðabreytinga, hindrunarstökks, framfótasnúnings, stökkskiptinga og byrjun á opnum sniðgangi. Allt eftir getu hópsins og einstaklingsins. Mikið lagt upp úr jafnvægi og öryggi en ekki var alltaf notaður hnakkur ! ;) Kennari var Lína Eriksson.



Knapamerkjanámskeiðin vinsælu sem var haldin voru 2011 byrjuðu fyrir júl 2010 með bóklega hlutanum. 23 nemendur undir 20 ára sóttu námskeiðin sem Lína Eriksson héldu utan um. Með stolti getum við sagt frá að þetta er fyrsta árið hjá Létti sem tekið er próf í öllum merkjum, frá 1-5 og heildar árangurinn vel yfir meðallagi! Krakkarna fengu t.d að byrja á merki 3 ef þau voru á námskeiði í merki 2 í fyrra þó að þau ekki næðu að taka próf vegna pestarinnar. Prófin í merki 2 voru tekin við fyrsta tækifæri, einu sinni í mars og einu sinni í lok maí. Nokkrir nemendur voru því að taka prófin frá því í fyrra

auk þess að þau tóku próf í því merki sem þau voru að reyna við á þessu ári. Aðeins meira álag en gekk mjög vel hjá flestum.

Keppnisnámskeið var haldið vorið 2011 í um 6 skipti og kennari var Ásdís Helga Sigursteinsdóttir. Þetta var að hluta í einkakennsluformi og m.a kenndar hringteymingar og einnig riðið á hringvelli. 12 krakkar með mikinn keppnisáhuga sóttu þetta námskeið.

Samtals hafa 54 krakkar sótt námskeið hjá okkur í vetur og gaman er að segja frá því að þess utan sóttu nokkrir Léttiskrakkar á fermingaaldri almennt frumtamninganámskeið sem haldið var fyrir áramót.

Spurningakeppni

Í febrúar héldu við spurningakeppni og mættu 18 krakkar til leiks. Þeim var skipt niður í 6 lið og gaman að segja frá því að það var allt að 14 ára aldursmunur á liðsfélögum!! Spurningarnar var fjölbreyttar og tengdust að sjálfsögðu hestamennska á ýmsan hátt. Boðið var upp pitsu og gos gegn vægu gjaldi vinningarnir fyrir 3 efstu sætin voru í boði Líflands og allir keppendur fengu buff. Virkilega skemmtilegt og fróðlegt kvöld með góðum umræðum og pælingum.



Æskulýðsnefnd Léttis kom á Facebook árið 2011.


Æfingamót

Til að undirbúa krakkana okkar betur fyrir keppni voru haldin 5 æfingamót frá janúar fram í maí. Fjögur voru haldin inni og eitt úti. Það var boðið upp á mismunandi greinar við hvert tækifæri. T.d Tölt T1 og T8 og næst fjórgang og þrígang. Krakkarnir máttu skrá sig að vild, 1, 2 eða 3 hross, sama hrossið í allar greinar og eða nota fleiri hross (kom reyndar aldrei fyrir, en samt!!) Allt til að geta prufað og æft, venjast gagnrýni og kynnast

A group of people, some on horseback and some on foot, are gathered around a red car parked on a dirt road. The scene is set against a backdrop of a body of water and rolling hills. The people are dressed in equestrian attire, including helmets and riding boots. The car is a red hatchback, and the overall atmosphere suggests a social or recreational gathering.

Prautabraut

http://www.youtube.com/watch?v=lMuKRG1D_a0&feature=player_embedded



Fákar og fjör

Í apríl var haldin stórsýningin Fákar og fjör og 10 unglingar (14-19 ára) frá Létti æfðu stórglæsilegt atriði undir stjórn Línu Eriksón. Hægt er að sjá atriðið á http://www.youtube.com/watch?v=bavpk_hTldU&feature=player_embedded

Hestarnir voru stórglæsilegir og þessir ungu knapar riðu atriðið algerlega hnökralaust. Frábært unglingarnir gátu sýnt svona stórt og flott atriði á þessari sýningu. Prúðir knapar með reiðmennskuna í fyrirrúmi og hestarnir undir fullkominni stjórn þó að prógrammið væri flókið og hratt. Samvinna, einbeiting, nákvæmni, og jákvæðni, eitthvað sem þau taka vonandi með sér sem knapar framtíðinnar.



Æskan og hesturinn

Í ár var sýningin haldin í Svaðastaðahöllinni í Skagafirði. Léttir mætti með 2 atriði, bæði munsturreiðar. Eldri krakkarnir (14-17 ára) sýndu atriðið sitt frá Fákar og Fjör, smá forföll síðan þá og voru þau 8 sem riðu prógrammið í þetta sinn. Aðeins öðruvísi fyrir þau að fara og sýna í annari reiðhöll, en þetta tókst ágætlega þó að það yrðu smávægilegar breytingar vegna

færri knapa. Yngri krökkarnir voru einnig með munsturreið og voru þau 8 talsins. Spurning hvort að þeirra atriði tókst ekki bara betur en hjá eldra genginu í þetta sinn...! ;) Hvernig sem það nú er var þetta mjög skemmtileg ferð. Gaman fyrir krakkana að komast að heiman og hitta önnur börn með sömu áhugamál og jafnframt tengjast hvort öðru betur.



Mót 2011

Lýflandsmótið

var haldið inni um páskanna 23. apríl þar sem allir þátttakendur fengu páskaegg að launum.



Goðamótið var haldið úti þann 4. júní og keppt var í pollaflokki, 4-gangi börn og uglinga, tölti T1 unglinga og T7 í barnaflokki. Margir keppendur tóku þátt í góðu veðri og gaman að sjá framfarir vetrarins hjá þeim. *Þytsbikarinn – Knapi Mótsins* hlaut Þóra Höskuldsdóttir ; besti árangur og þrúðasti knapinn

Landsmót gekk vel hjá okkar mönnum, áttum við 2 knapa í B-úrslitum barna og öllum gekk mjög vel og skemmtu sig konunglega. Þar að auki var þetta í heild sinni frábært mót og á Léttissvæðiðinu voru okkar krakkar í svaka stuði. Mikið var leikið og krakkarnir studdu vel hvort við annað í keppninni.



Æskulýðsmót Norðurlands var haldið á Melgerðismelum 15.-17. júlí í samstarfi við Funa.

Á föstudaginn var haldinn stórskemmtilegur ratleikur þar sem krakkarnira riðu hægt og settlega um Melana og svöruðu spurningum. Eða já, þau riðu kannski ekki hægt, en það var rosalega mikið fjör hjá þeim og mikil keppni á milli liða!



Á laugardagsmorgni var byrjað á þrautabraut þar sem þátttakendur þurftu að sýna samspil við hestinn, jafnvægi, kjark og lipurð. Eftir hádegi var svo farið í reiðtúr; börn og foreldrar saman. Um kvöldið var grillað og í lok kvöldsins var varðeldur og skemmtileg samvera. Farið var yfir svörin í ratleiknum og sigurvegarar fengu viðurkenningar. Einnig voru sigurvegurum í þrautabrautinni veittar viðurkenningar og allir þátttakendur fengu verðlaunapeninga.

Á sunnudeginum var keppt í Firmakeppniformi í barna- unglinga- og ungmenna-flokki. Ekki er hægt að kvarta yfir hestakostinum og þetta eru allt mjög flinkir og efnilegir knapar.



Á döfinni er að halda **Uppskeruhátíð** fyrir krakkanna 14. október með viðurkenningum, verðlaunum, hamborgaraveislu og fjöri!

Fyrir áramótin 2011 -12 hefst síðan bóklegi hluti Knapamerkjanna.

Æskulyðsnefnd Léttis

21 September 2011